



Funded by
the European Union



Sambætting verndunar líffræðilegs fjölbreytileika sjávar og sjálfbærs sjávarhagkerfis



Þrjú rannsóknarsvæði

Sýnikennsla og prófanir á hag- og vistkerfislíkönum okkar verða gerðar á þremur svæðum í Evrópu.

Marine SABRES er alþjóðlegt rannsóknarverkefni af Horizon rannsókn- og nýsköpunaráætlun Evrópusambandsins. Að rannsókninni standa 21 rannsóknaraðili víðsvegar úr Evrópu. Viðfangsefnið er að finna leiðir til að endurheimta líffræðilegan fjölbreytileika hafsins og að styrkja þau hagkerfi sem byggja afkomu sýna á nýtingu hafsins með vistkerfisnálgun í stjórn fiskveiða.

Til að ná þessum markmiðum, mun Marine SABRES framkvæma ítarlegar rannsóknir á samfélögum sem byggja afkomu sína á hafinu. Einföld líkön verða þróuð til að meta áhrif nýtingar sjávarauðlindarinnar á líkríki hafsins. Líkönin verða þróuð í samstarfi við íbúa sjávarþorpa á þremur svæðum í Evrópu. Markmiðið er að finna jafnvægi milli sjálfbærrar nýtingar hafsins og afkomu hagkerfa sem á henni byggja.



Norð austur-Atlantshaf

Ísland, Grænland, Færeyjar

Rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga og breytinga á ástandi sjávar á uppsjávarfiskveiðar.



Toskana eyjaklasinn

Capraia

Áhersla verður á verndun sjávargrass, sjálfbæran rekstur báta og ferðamennsku.



Makarónesía

Asóreyjar, Madeiræyjar, Kanaríeyjar

Áhersla verður á verndun og endurheimt líffræðilegs fjölbreytileika og ávinning af vistvænni ferðamennsku.



MARINE SABRES

Marine Systems Approaches for
Biodiversity Resilience and
Ecosystem Sustainability

2022 - 2026

www.marinesabres.eu

   @MarineSABRES



Hefur þú áhuga á að skapa tækifæri og finna frumlegar lausnir við áskorunum í atvinnugreinum tengdum uppsjávarveiðum?

Komdu þá í lið með okkur í þetta alþjóðlega verkefni og hafðu áhrif.

Hvers vegna ætti ég að taka þátt?

- * Þú færð tækifæri til að hafa áhrif á framtíðarsýn uppsjávarveiða.
- * Þú færð tækifæri til að koma skoðunum þínum á framfæri um þörf á rannsóknum eða um stuðning stjórnvalda við uppsjávarveiðar.
- * Þú færð tækifæri til að koma skoðunum þínum á framfæri varðandi reglugerðir stjórnvalda um vistkerfi hafsins.
- * Þú færð tækifæri til tengslamyndunar og samstarfs við aðra hagsmunaaðila.

Hver getur tekið þátt?

Starfsfólk og yfirmenn í atvinnugreinum sem tengjast uppsjávarfiskveiðum hvar sem er í aðfangakeðjunni, frá sumarstarfsmanni á gólfi til forstjóra. Við þjóðum einnig íbúum sjávarþorpa, vísindafólki og öllum þeim sem hafa áhuga á sjálfbærni hagkerfi sem byggir á nýtingu hafsins.

Þetta er það sem við erum að biðja um frá þér

Tvö viðtöl sem hvert er um klukkustunda langt. Það fyrra verður tekið að hausti 2023 og það seinna árið 2024. Auk þess biðjum við um aukaviðtal eða að þú takir þátt í vinnufundi hagsmunaaðila árið 2025. Farið verður með viðtölin sem trúnaðarmál.



Skannið QR kóðann til að fá upplýsingar um rannsóknir okkar.



Dr. Catherine Chambers

Umsjón íslenskra hagsmunaaðila í Marine SABRES

Netfang: cat@uw.is

Sími: +354 450 3048

Heimasíða: www.uw.is

   @MarineSABRES

